



Sjálfsmat

Skólaárið 2010-2011

*Heiðarskóli
Reykjanesbæ*



Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	2
2. UM SKÓLANN	3
2.1. SKÓLANÁMSKRÁ	3
2.2. SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA	4
3. SJÁLFSMAT	5
3.1. MATSAÐFERÐIR	5
3.2. SKILGREINING Á INNRA OG YTRA MATI.....	6
3.3. INNRA MAT 2010-2011	6
3.4. YTRA MAT 2009 - 2010.....	7
4. NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS 2010-2011	7
4.1. NEMENDAKANNANIR	7
4.1.1. <i>Olweusaráætlun gegn einelti</i>	7
4.1.2. <i>Samræmd próf</i>	10
4.1.3. <i>Lestur, lesskilningur, hlustun og bókmenntir</i>	16
4.1.4. <i>Viðhorf nemenda</i>	22
4.2. STARFSMANNAKANNANIR	22
4.2.1. <i>Rannsókn á starfsháttum í grunnskólum</i>	22
4.2.2. <i>Starfsmannasamtöl/umræður</i>	22
4.2.3. <i>Mat á verkefninu áhugasamir nemendur árangursríkara skólastarf/starfendarannsókn</i>	23
4.3. FORELDRAKANNANIR	24
4.4. FRAMKVÆMDARMAT Á NOKKUR VERKEFNI Á SKÓLAÁRINU 2010-2011	25

1. Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati í Heiðarskóla skólaárið 2010-2011. Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirku umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri.

Matið er altækt þar sem öll helstu svið skólans eru metin og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum.

Haustið 2008 var skipuð matsnefnd til þriggja ára og gerði hún áætlun til þriggja ára. Nánari matsáætlun var gerð fyrir skólaárið 2010-2011 (fylgiskjal 1).

Í fylgiskjölum skýrslunnar eru matsáætlanirnar, áherslu- og umbótaáætlun og þær kannanir sem voru gerðar skólaárið 2010-2011.

2. Um skólann

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustunga tekin að Heiðarskóla. Heiðarskóli er byggður sem tveggja hliðstæðna heildstæður grunnskóli, sem er tvær bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi, sem byggður er í einum áfanga, með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók til starfa haustið 1999.

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru verk- og tónmenntastofur, auk raungreinastofa. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrymi skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en stjórnun, skólasafn og upplýsingamennt á efri hæðinni. Út frá miðryminu í norðurátt er aðstaða til íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur. Við skólann hafa einnig verið settar þrjár lausar kennslustofur (svo kallaðir kálfar), sem eru notaðar undir almenna kennslu og tónmennt.

Skólaárið 2010-2011 eru u.þ.b. 460 nemendur í skólanum í 22 bekkjardeildum.

Við skólann starfa u.þ.b. 60 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur deildarstjórum, einn á yngri stigi og annar á eldra stigi

Almennir kennara- og starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og oftast ef þörf þykir.

Nemendaverndarráð er skipað aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, námsráðgjafa, sálfræðingi, sérkennslufulltrúa og hjúkrunarfræðingi. Ráðið fundar a.m.k. tvísvar í mánuði og hefur það hlutverk að starfa að velferðarmálum nemenda.

Við skólann starfar skólaráð og fundar það reglulega. Skólaráð fær skólanámskrána og skóladagatalið til umfjöllunar og umsagnar á hverju ári.

Við skólann er einnig starfandi foreldrafélag.

2.1. Skólanámskrá

Skólanámskrá Heiðarskóla hefur verið unnin af öllu starfsfólki skólans og tekur til allra þátta skólastarfsins. Hún er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla þar sem dregin er fram sérstaða skólans, verklagsreglur, aðaláherslur og markmið. Skólanámskráin byggir auk þess á skólastefnu, fjölskyldustefnu, starfsmannastefnu og forvarnastefnu Reykjanesbæjar.

Lögð er áhersla á að skólanámskráin sé annars vegar skoðuð sem stefnumarkandi rit og hins vegar til upplýsinga fyrir alla þá er að skólastarfinu koma eða tengjast því á einhvern hátt.

Skólanámskráin er í þremur hlutum. Almennur hluti, þar er m.a. fjallað um helstu áherslur, stefnur og ýmsa þætti skólastarfsins. Í öðrum hluta eru bekkjarnámskrár en þar er fjallað um námsmarkmið, kennsluhætti og námsmat í hverju fagi. Þriðji hluti er starfsmannahandbók og er sá hluti innahúsrít. Skólanámskráin endurspeglar sameiginleg markmið og er lögð til grundvallar sjálfsmati skólans.

2.2. Skólaftefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólafarf og að traust og virðing ríki milli manna. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólafarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá sem er endurskoðuð á hverju ári og breytist í takt við nýjar áherslur og samfélagsþróunina. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu.

Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.

Leiðarljós Heiðarskóla er - háttvísi – hugvit – heilbrigði

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á:

- jákvæðan aga og þrúðmennsku
- sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu
- íþróttir, hreyfingu og hollar lífsvenjur
- verkgreinar, listir og skapandi starf

Við viljum að nemendur okkar séu:

- ábyrgir
- gagnrýnir
- fróðleiksfúsir
- fordómalausir
- víðsýnir

Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum og hafa leiðir verið settar fram til að ná þeim. Í skólanámskrá almennum hluta og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólafarfinu.

3. Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram víðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum skólans. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl.

Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til umbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

3.1. Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskráin en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðugreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun til þriggja ára þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er

sett fram áherslu- og umbótaáætlun. Eftir tiltekin tíma er síðan farið yfir hvort að úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri.

3.2. Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

3.3. Innra mat 2010-2011

Mat á skólanámskrá Árlega leggja starfsmenn mat á skólanámskrána, breyta henni og bæta, áður en hún er uppfærð á heimasíðu skólans.

Læsi 2 (fylgiskjal 2)

Árleg lestrarskimun lögð fyrir alla nemendur í 2. bekk.

Raddlestrarpróf í 8. og 9. bekk

Árlegt lestrarpróf (fylgiskjal 3)

Grp 14 (fylgiskjal 4)

Sérkennari skólans lagði fyrir lestrargreiningarpróf fyrir alla nemendur í 9. bekk. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir umsjónarkennurum, íslenskukennurum í 9. bekk og stjórnendum.

Eineltiskönnun (fylgiskjal 5)

Árleg viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur í 4. – 10. bekk. Þetta mat er liður í verkefninu Olweusaráætlun gegn einelti. Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi, í skólaráði, og stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrakönnun

Könnun lögð fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Kannað var viðhorf foreldra til upphafs skólagöngu barna þeirra (fylgiskjal 6)

Nemendafundir

Skólastóri og aðstoðarskólastjóri funduðu með nemendum í 9. og 10. bekk. Á fundunum var aðallega rætt um kennsluhætti og viðhorf nemenda til þeirra (fylgiskjal 7)

Viðhorf til valgreina

Kannað var viðhorf nemenda í 9. og 10. bekk til valgreina (fylgiskjal8)

Umræður um skólastarfið.

Kannað var viðhorf starfsfólks til skólastarfsins, bæði með starfsmannasamtölum og eins í verkefnavinnu (fylgiskjal 9)

3.4. Ytra mat 2009 - 2010

Samræmd próf í 4. 7. og 10. bekk (fylgiskjal 10)

Rannsóknarverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Heiðarskóli er einn af 20 skólum sem taka þátt í rannsókninni **Starfshættir í grunnskólum** (fylgiskjal 8). Rannsókninni er ætlað að gefa yfirsýn yfir núverandi starfshætti í íslenskum grunnskólum.

Heiðarskóli hefur fengið nú þegar fengið niðurstöður úr fimm spurningavögnum en á þessu skólaári komu niðurstöður úr spurningavagni þrjú, fjögur og fimm. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar starfsfólki skólans og í skólaráði (fylgiskjal 11).

4. Niðurstöður sjálfsmats 2010-2011

Hér er greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2010-2011

Umfjölluninni er skipt í eftirfarandi kafla:

- Nemendakannanir
- Starfsmannakannanir
- Foreldrakannanir

Fjallað er um hvern kafla fyrir sig og þar sem við á er gerður samanburður við fyrri kannanir.

Í sumum könnunum eru niðurstöður flokkaðar í styrkleika og veikleika.

Styrkleiki byggir á því að 85% eða fleiri sem taka afstöðu lýsi sig jákvæða en **veikleikar** eru ef ekki nást fyrrgreind viðmið þ.e. að 85% eða fleiri væru jákvæðir.

4.1. Nemendakannanir

4.1.1. *Olweusaráætlun gegn einelti*


Í nóvember 2010 var lögð fyrir yfirlitskönnun Olweusar um einelti fyrir nemendur í 4. - 10. bekk. Nemendur tóku könnunina í tölvuveri skólans. Nemendur í 4. og 5. bekk fengu lestraraðstoð.

Hér verður sagt frá helstu niðurstöðum en að öðru leyti vísað í fylgiskjal 5.

Helstu niðurstöður 4. - 7. bekkur

Nemendum okkar í 4. - 7. bekk virðist líða vel í skólanum. 89,9% líður vel eða mjög vel í skólanum. 3,6% nemenda líður illa eða mjög illa í skólanum. Aðeins 1,1% nemenda telur sig ekki eiga vini í skólanum.

Einelti hefur aukist miðað við könnun 2009. Hlutfall nemenda í 4. - 7. bekk sem segist hafa lent í einelti 2-3 í mánuði eða oftar er 10,2% en var 5,4% í fyrra.



Í 4. bekk í fyrra mældist ekkert einelti. Nú mælist einelti í 4. b um 32%.

Í 5. b mælist einelti um 12% (var ekkert í fyrra hjá þessum árgangi).

Í 6. b mælist ekkert einelti hjá piltum og um 4% hjá stúlkum.

Í 7. bekk mælist ekkert einelti hjá piltum en um 11% hjá stúlkum.

Nemendur eru einnig jákvæðari í garð kennara og einungis tæplega fjórðungur nemenda segir að kennari geri lítið eða ekkert til að vinna gegn einelti. Þetta er lítilsháttar breyting frá því í fyrra.

Viðbrögð

Í framhaldi af þessum niðurstöðum var farið að halda reglulega bekkjarfundum með nemendum í 4. bekk og 5. bekk. Þá var haldið áfram að vinna með eineltishringinn og fræða nemendur um afleiðingar eineltis.

Þar sem veruleg aukning mældist á einelti í 4. bekk var þar lögð fyrir tengslakönnun.

Í tengslakönnuninni kom ekkert fram sem benti til eineltis. Nokkru eftir að könnunin var lögð fyrir hafði foreldri samband við umsjónarkennarann og sagði frá grun sínum um að einelti ætti sér stað í árganginum. Umsjónarkennari ræddi við meinta gerendur og þolanda. Foreldrar beggja aðila hittust og málinu lauk á farsælan hátt.


Helstu niðurstöður 8. - 10. bekkur

Nemendum okkar í 8. - 10. bekk líður vel í skólanum en um 85,7% líður vel eða mjög vel í skólanum sem er svipað og í fyrra. 6,8% nemenda segist líða mjög illa eða illa í skólanum

sem er aukning frá fyrra ári.

35 nemenda á þessu stigi segjast ekki eiga neina vini í skólanum.

Þetta ár verður aukning á þeim nemendum sem segjast vera lagðir í einelti. 6,9% nemenda á unglíngastigi segjast vera lagðir í einelti.



Á heildina lítið hafa nemendur svipað viðhorf og í fyrra í garð kennara og um 40% nemenda segir að kennari geri lítið eða ekkert til að vinna gegn einelti. Tiltrú drengja hefur þó aukist talsvert en minnkað hjá stúlkum.

Um 70% stúlkna segjast aðstoða nemendur sem eru lagðir í einelti sem er talsverð lækkun frá því í fyrra. Einungis 58% drengja segjast gera slíkt sem er svipað og í fyrra. Um 68% nemenda telur einnig að kennarar geri oft eða alltaf eitthvað til að stöðva einelti.

Um 74% nemenda óttast ekki að vera lagður í einelti og 15% óttast það einstaka sinnum.

Viðbrögð

Brugðist hefur verið við þeim eineltismálum sem upp hafa komið með fundum með foreldrum, könnunum meðal starfsmanna skólans og fundahöldum með kennurum og þeim sem koma að gangavörslu.

Kennarar á unglíngastigi hafa verið að vinna mikið með uppbyggingarstefnuna - uppbygging sjálfsaga og haldið hefur verið áfram að vinna með eineltishringinn, sýna nemendum myndbönd sem tengjast efninu og ræða afleiðingar eineltis.

4.1.2. Samræmd próf

Við nýtum okkur kannanir sem ytri aðilar framkvæma en snúa beint að innra starfi skólans til að mynda samræmd próf og skimanir í læsi.

Í samræmdum prófum álitum við það vera viðunandi árangur að vera við landsmeðaltal. Haustið 2010 voru samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.

4. bekkur haustið 2010

Þegar nemendur Heiðarskóla í 4. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.

2010			
Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	7,1	8,8	1,7
Rúmfræði	7,7	8,6	0,9
Tölur og talnatákn	6,7	7,7	1,0
Heildareinkunn	7,2	8,6	1,4
Íslenska			
Stafsetning	5,9	6,5	0,6
Lestur	5,7	6,7	1,0
Ritun	4,4	5,2	0,8
Heildareinkunn	5,6	6,6	1,0

Frammistaða nemenda í 4. bekk er mjög góð. Nemendur eru alls staðar yfir landsmeðaltali og voru nemendur í 2. sæti yfir landið í stærðfræði og 12. sæti í íslensku.

7. bekkur haustið 2010

Þegar nemendur Heiðarskóla í 7. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.

2010			
Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	7	7,1	0,1
Rúmfræði og mælingar	4	3	-1,0
Tölur og talnatákn	6,1	5,8	-0,3
Heildareinkunn	6,1	5,9	-0,2
Íslenska			
Stafsetning	7,3	7,5	0,2
Lestur	6,5	5,8	-0,7
Málnotkun	6	5,5	-0,5
Ritun	7,2	7,9	0,7
Heildareinkunn	6,7	6,3	-0,4

Viðbrögð:

Nemendur í 7. bekk eru fyrir neðan meðaltal bæði í íslensku og stærðfræði. Árangur nemenda er ekki ásættanlegur og var strax leitað leiða til að bregðast við niðurstöðunum. Bæta þarf árangur nemenda í 7. bekk og einnig þarf að tryggja eins og kostur er að niðurstöðurnar verði betri að ári. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funduðu með fagstjóra í stærðfræði og ákveðið var að hann færi yfir stærðfræðina með kennurum í 5. og 6. bekk. Fundað var með kennurum sem kenndu stærðfræði í 6. bekk s.l. vetur og farið yfir hver hugsanlega væri ástæða fyrir þessum slaka árangri. Var fundurinn gagnlegur og voru margar hugsanlegar skýringar nefndar sem skoðaðar verða sérstaklega.

Á skólaárinu hélt fagstjóri í stærðfræði nokkra vinnufundi með stærðfræðikennurum í 5. og 6. bekk þar sem farið var m.a. yfir námsefni og áherslur.

Í 7. bekk var nemendum skipt upp í fjóra hópa í stærðfræði. Fjórir kennarar og einn stuðningsfulltrúi sáu um kennsluna. Kennarar eru á þeirri skoðun að mun betri vinna hafi skilað sér hjá nemendum.

Fagstjóri í íslensku fundaði með íslenskukennurum í 5. 6. og 7. bekk og var m.a. farið yfir námsefnið sem þar er notað í kennslu. Nánar er fjallað um niðurstöður í lestri síðar í skýrslunni.

Ákveðið var að á næsta skólaári yrði farið í þróunarverkefni á miðstigi sem miðar að því að efla áhuga nemenda á námi og að námsárangur verði betri. Verkefnið gerir ráð fyrir að kennarar skoði starfsaðferðir sínar og kennsluhætti og ígrundi hvort að þeir séu sem best til þess fallnar að vekja áhuga nemenda á námi. Sótt var um styrk í Sprotasjóð Menntamálaráðuneytisins og styrkir hann verkefnið. Umsjón með verkefninu hafa kennararnir Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarsdóttir kennarar á unglingsstigi. Ráðgjöf veitir Ingvar Sigurgeirsson prófessor við HÍ. Miklar vonir eru bundnar við að við náum að efla námsáhuga nemenda á miðstigi m.a. með fjölbreyttari kennsluháttum og skapandi verkefnum.

10. bekkur haustið 2010

Í ár voru lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku. Þegar nemendur Heiðarskóla í 10. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.


Haust 2010			
	Samræmd einkunn skólans	Lands- meðaltal	Munur
Enska	7,5	7,1	0,4
Íslenska	6,7	6,2	0,5
Stærðfræði	7,5	6,5	1,0

Nemendur í 10. bekk stóðu sig mjög vel á samræmdum könnunarprófum í ár. Nemendur voru langt yfir landsmeðaltali í öllum greinum og voru nemendur Heiðarskóla í 2. sæti í stærðfræði, 7. sæti í íslensku og 13. í ensku yfir landið.

Framfarir nemenda í 7. bekk

Á hverju ári fylgja niðurstöðum samræmdra prófa útreikningar á því hvort að nemendur séu að sýna framfarir frá samræmdu prófi í 4. bekk, eða ekki. Einnig er hægt að skoða framfarir nemenda frá 7. bekk í 10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á að sem flestir nemendur séu að bæta sig í meðallagi eða meira og stefnt er að því að 80% nemenda séu í þremur efstu flokkunum.

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í íslensku							
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Umtalsverðar	2,7%	7,4%	9,1%	6,4%	2,0%	0,0%	0,0%
Meiri en almennt gerist	10,8%	14,8%	22,7%	17,0%	6,0%	4,8%	10,2%
Í meðallagi	64,9%	57,4%	59,1%	59,6%	84,0%	76,2%	64,4%
Minni en almennt gerist	10,8%	14,8%	2,3%	12,8%	8,0%	7,1%	6,8%
Litlar	5,4%	0,0%	2,3%	2,1%	0,0%	2,4%	10,2%
Ekki upplýsingar um	5,4%	5,6%	4,5%	2,1%	0,0%	9,5%	8,5%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%




Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í íslensku eru:

Árið 2004 78%
 Árið 2005 80%
 Árið 2006 90%
 Árið 2007 83%

Árið 2008 92%
 Árið 2009 80%
 Árið 2010 75%

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í stærðfræði

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Umtalsverðar	0,0%	7,4%	22,7%	6,3%	4,2%	7,1%	3,4%
Meiri en almennt gerist	2,7%	7,4%	22,7%	14,6%	4,2%	11,9%	3,4%
Í meðallagi	45,9%	64,8%	52,3%	60,4%	68,8%	59,5%	64,4%
Minni en almennt gerist	35,1%	11,1%	0,0%	14,6%	18,8%	16,7%	8,5%
Litlar	10,8%	5,6%	0,0%	4,2%	4,2%	0,0%	15,3%
Ekki upplýsingar um	5,4%	3,7%	2,3%	0,0%	0,0%	4,8%	5,1%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%




Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í stærðfræði eru:

Árið 2004 48,6%
 Árið 2005 79,6%
 Árið 2006 97,7%
 Árið 2007 81,3%

Árið 2008 77%.
 Árið 2009 78,5%
 Árið 2010 71,2%

Framfarir nemenda í 10. bekk frá 7. bekk í íslensku og stærðfræði

Framfarir frá 7. bekk í 10. bekk í íslensku		
	2009	2010
Umtalsverðar	0,0%	7%
Meiri en almennt gerist	4,1%	13%
Í meðallagi	63,3%	65%
Minni en almennt gerist	14,3%	2%
Litlar	2,0%	4%
Ekki upplýsingar um	16,3%	9%
	100,0%	100%




Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 10. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meira í íslensku eru:

Árið 2009 67,4%

Árið 2010 85%

Framfarir frá 7. bekk í 10. bekk í stærðfræði		
	2009	2010
Umtalsverðar	4,4%	11%
Meiri en almennt gerist	2,2%	11%
Í meðallagi	48,9%	50%
Minni en almennt gerist	13,3%	9%
Litlar	11,1%	2%
Ekki upplýsingar um	20,0%	17%
	100,0%	100%



Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 10. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meira í stærðfræði eru:

Árið 2009 55,5%

Árið 2010 72%

Árgangurinn sem tók núna samræmd próf í 10. bekk sýndi frábæran árangur á samræmdum prófum eins og áður hefur komið fram. Þessi hópur sýndi einnig frábæran árangur á 7. bekkjar prófunum árið 2007. Það gæti skýrt það að nemendur höfðu lítið svigrúm til að sýna miklar framfarir núna. Árangur er þó ásættanlegur þar sem 85% nemenda sýnir góðar framfarir í íslensku og 72% nemenda í stærðfræði.

Úrvinnsla niðurstaðna samræmdra prófa

Þegar niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum berast skólanum er farið í að skoða hvar hægt er að gera betur og hver staða skólans er miðað við landsmeðaltal. Hver þáttur innan hvorrar greinar er skoðaður sérstaklega og athugað hvort að einstakir þættir eru að koma áberandi verr út en heildareinkunn. Einnig er skoðað hvaða þættir eru að koma best út.

Deildarstjóri kallar til kennara viðkomandi árgangs og farið er yfir niðurstöðurnar.

Kennarar skipta prófunum upp í námsþætti og árangur hvers nemanda er skoðaður gaumgæfilega. Skoðað er hvort að margir nemendur eru að fá rangt fyrir sömu spurningu innan sama þáttar eða hvort að mikil dreifing sé á röngum svörum. Þetta gefur okkur til kynna hvort ákveðnir efnisþættir hafi fengið minni yfirferð en nauðsynlegt er.

Ef dreifing er lítil og margir nemendur eru að fá sömu villurnar fara kennarar í sérstaka vinnu með nemendum í þá þætti sem þeir hafa ekki náð tókum á. Þetta er gert með einstaklingsmiðaðri kennslu. Kennarar í 4., 7. og 10. bekk halda síðan kynningu á niðurstöðum á deildarfundum hjá yngra og miðstigi og umræða um niðurstöðurnar fer þar fram þannig að hægt sé að gera enn betur á næsta ári.

4.1.3. *Lestur, lesskilningur, hlustun og bókmenntir*

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að efla lestur og lesskilning nemenda í Heiðarskóla. Unnið hefur verið eftir aðgerðaráætlun skólans sem kynnt var á vordögum 2008. Í aðgerðaráætluninni má m.a. sjá markmið, viðmið, mat og áætlun til úrbóta. Kennarar eru m.a. hvattir til að mæla oft árangur nemenda með lestrarprófum og setja niðurstöðurnar upp á hvetjandi hátt m.a. með súlurítum

Á tíu ára skólagöngu nemenda eru gerðar ýmsar kannanir þar sem hægt er að skoða sérstaklega lestur, lesskilning, hlustun og bókmenntir. Skimun lestrarerfiðleika á sér stað allt frá 1. bekk og upp úr. Forkönnun eða mat á veikleikum og styrkleikum í lestrarferlinum á sér þó stað frá skólabyrjun þar sem sértækir erfiðleikar virðast koma fram í lestrarferlinu. Þá eru valin út ákveðin próf og matslistar til að kanna vandann og vinna út frá.

Við nýtum okkur það ytra mat sem unnið er eins og læsi í 2. bekk og samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk. Þegar niðurstöður úr þessum skimunum og könnunum eru skoðaðar má sjá hvernig nemendur Heiðarskóla eru að standa sig miðað við jafnaldra .

Kennarar reyna með ýmsu móti að vekja áhuga nemenda á lestri og nýta fjölbreyttar aðferðir til að efla lestur og lesskilning, s.s. gagnvirkan lestur og hugarkort. Sérstaklega eru kennarar á elsta stigi áhugasamir með gerð hugarkorta og leiðarbóka og hafa þær aðferðir orðið fastar í sessi í nokkrum námsgreinum s.s.stærðfræði

1.bekkur


Sérkennari skólans lagði fyrir Tove Krogh skimunarpróf.

Tilgangur með fyrirlögn á Tove Krogh skimunarprófinu er að skima eftir fjölbreytilegum þroskaþáttum. Það kannar eftirtekt, úthald og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, formskyn, skilning á talnagildum, teiknifærni, málskilning og fínhreyfileikni. Niðurstöður skimunarinnar eru notaðar við skipulag kennslu, hópaskiptingar og mat á sérkennsluþörf

2, bekkur

Læsi 2. var lagt fyrir nemendur í 2. bekk í apríl.

Í 2. bekk er skoðað hver árangur Heiðarskóla er miðað við tölur frá Suðurnesjum þar sem tölur fyrir landið liggja ekki fyrir.




Árangur nemanda í 2. bekk í Læsi 2 er alls ekki nógu góður. Nemendur eru 1,2 prósentustigum frá meðaltali á Suðurnesjum.

Niðurstöðurnar komu kennurunum á óvart. Þeir fóru vel yfir niðurstöðurnar hjá hverju og einu barni og báru saman við hraðlestrarprófin sem nemendurnir höfðu tekið. Kom í ljós að margir nemendur höfðu náð mun betri árangri á hraðlestrarprófunum og útkoman úr þeim sagði að nemendurnir hefðu átt að standa sig mun betur. Kennararnir fóru yfir prófin með hverju og einu barni og sýndu þeim hvers konar villur þeir höfðu gert og hvöttu til meiri vandvirkni og að nemendur legðu sig alltaf fram.

Í kjölfarið lögðu kennarar aukna áherslu á lestur hjá þeim nemendum sem náðu ekki ásættanlegum árangri.

4. bekkur


Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í íslensku



Árið 2010 eru nemendur í 4. bekk langt yfir landsmeðaltali í lesskilningi eða einum heilum. Þetta er afburða árangur sem reynt verður að vinna með á komandi ári.

7. bekkur

Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 7. bekk.



Enn er niðurstaða í lesskilningi í 7. bekk ekki nógu góð. Nemendur eru 0,7 undir landsmeðaltali sem er alls ekki nógu góður árangur. Gripið var strax til úrræða s.s. hraðlestranámskeið og lestrarspretta til að auka getu nemenda. Á næsta skólaári verður skipulag í íslensku breytt þannig að allir íslenskutímar liggja saman og fjórir kennarar koma til með að sjá um kennslu í þessum árgangi.

Raddlestur í 8. og 9. bekk

Lestarviðmið í 8. – 10. bekk í raddlestri er 300 – 350 atkv. á mín

Í nóvember voru allir nemendur í 8. og 9. bekk prófaðir í raddlestri Nokkur undanfarin ár hefur sérkennari skólans lagt sama prófið fyrir, þannig að við höfum góðan samanburð á milli ára.

- Nóv. 2008 29% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Nóv. 2009 38% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Ágúst 2010 33% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira

Niðurstöður úr þessum prófum eru kynntar á starfsmannafundi (fylgiskjal 3).



Nemendur í 8. bekk

Nemendur í 8. bekk voru ekki að ná eins góðum árangri í lestri og nemendur í 8. bekk á síðasta skólaári

Nemendur í 8. bekk nóv. 2009

(ekki sömu nemendur)

Nemendur í 8. bekk ágúst 2010



GRP 14 próf í 9. bekk

Sérkennari lagði GRP 14 próf fyrir nemendur í 9. bekk í upphafi skólaárs 2010.

Nemendur okkar eru ekki að koma eins vel út og árið áður og enn sjáum við vísbendingu um að bæta þarf lestrarfærni nemenda.

Farið var yfir niðurstöðurnar með íslensku og umsjónarkennurum og áætluð viðbrögð þar sem þörf var á (fylgiskjal 4).

Skólaárið 2010 -2011

	eðlilegt	undir viðmiðunarmörkum
Grunnþættir	78%	22%
-skammtíamaminni	71%	29%
-hljóðkerfi	83%	17%
-hljóðaaðferð	92%	8%
-ritháttarferli	67%	33%
Færniþættir		
-lestrarhraði	77%	23%
-stafsetning	62%	38%

Raddlestrarpróf í 9. bekk


Sérkennari prófaði nemendur í raddlestri í lok ágúst. Nemendur í 9. bekk náðu góðum framförum í raddlestri á milli 8. og 9. bekkjar.

Farið var yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundi. (sjá fylgiskjal 3).

Nemendur í 8. bekk, nóv. 2009


Nemendur í 9. bekk ágúst 2010

(sömu nemendur)



10. bekkur

Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 10. bekk



Skólaárið 2008-2009 voru engin samræmd próf í 10. bekk. Í ár komu nemendur nokkuð lakar út en sl. haust. Nemendur eru 0,1 undur landsmeðaltali í lestri bókmennta á samræmdu prófi.

Umbætur í lestri

Áfram verður unnið að því að bæta lestrarfærni nemenda.

Í byrjun næsta skólaárs (ágúst 2011) mun Almar Halldórsson starfsmaður Námsmatsstofnunnar halda fræðsluerindin fyrir kennara en hann hefur unnið að samantekt um lesskilning fyrir Heiðarskóla.

Á fundinum verða kynntar niðurstöður PISA um lesskilning nemenda í Heiðarskóla frá 2000 til 2009. Þær eru bornar saman við niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk í íslensku. Reynt verður að varpa ljósi á helstu styrkleika og veikleika nemenda með því að greina hvers konar lesskilningsverkefni nemendur í skólanum eiga erfiðast með að leysa samkvæmt PISA miðað við nemendur á Reykjanesi og á landinu í heild. Einnig verður rætt um viðleitni nemenda til að svara PISA könnuninni, áhuga á lestri, lestrarvenjur og námsvenjur. Kennarar vinna úr upplýsingunum og gera tillögur til úrbóta.

1. – 4. bekkur

Vorið 2010 fékk skólinn styrk frá sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins til að vinna að verkefninu Læsisbrú. Markmið verkefnisins er að mynda samfellu í námi barna frá leikskóla til grunnskóla. Sérstök áhersla verður lögð á að skima lestrarfærni nemenda strax í upphafi skólagöngu og áhersla lögð á að samfella sé í námi barnanna.

Kennarar á yngsta stigi í Heiðarskóla hafa unnið að verkefninu frá því í haust. Umsjónarkennarar hafa heimsótt skólahópa í Garðaseli og Heiðarseli en það eru okkar heimaleikskólar. Einnig hafa kennarar kynnt sér lestrarkennslu í leikskólanum Tjarnarseli en hann er framarlega í þróun lestrar- og skriftahvetjandi umhverfis fyrir leikskólanemendur. Starfsdaginn 10. febrúar fóru kennarar á yngra stigi í heimsókn í Grundaskóla á Akranesi og kynntu sér samstarf leik- og grunnskóla þar. Var það virkilega áhugaverð ferð og alltaf gott að sjá hvað er verið að gera í öðrum bæjarfélögum. Kennarar hafa setið reglulega fundi með teymisstjóra og gagnkvæmar heimsóknir nemenda og kennara Heiðarskóla og leikskóla bæjarins hafa verið allt skólaárið. Einnig hefur verkefnið verið tengt við nýtt skimunarpróf sem kallast „Leið til læsis“ og í tengslum við það hafa verið haldnir fundir með öðrum grunnskólum undir leiðsögn Guðbjargar Þórisdóttur lestrarfræðings. Kennarar fóru á námskeiðið „Leið til læsis“ og fengu réttindi til að leggja það fyrir. Guðbjörg hélt einnig fyrirlestur fyrir kennara um lestur og læsi. Leikskólakennarinn Árdís Hrönn Jónsdóttir hélt síðan fyrirlestur fyrir kennara á yngsta stigi um þróunarverkefnið „Bók í hönd“. Árdís er sérkennslustjóri leikskólans Tjarnarsels og er með meistaragráðu í menntunarfræðum með áherslu á mál- og læsi.

Deildarstjóri á yngsta stigi stýrir verkefninu. Kennararnir hafa verið mjög jákvæðir og eru bundnar miklar vonir við að verkefnið skili góðum árangri.

5. – 7. bekkur

Það er ljóst að vinna þarf að því að bæta lestrarfærni nemenda á miðstigi og leggja sérstaka áherslu á lesskilning. Nemendur voru lestrarprófaðir í ágúst/september. Sérkennari skólans ásamt skólastjórnendum sátu fund með íslenskukennurum þar sem farið var yfir niðurstöður prófanna, hugaða að úrræðum fyrir nemendur og hvað hægt er að gera til að efla lestur og lesskilning.

Í vetur var tekið inn nýtt námsefni, Vanda málið, í 5. og 7. bekk. Kennarar eru mjög ánægðir með það efni og verður það einnig nýtt í kennslu í 6. bekk næsta skólaár. Kennsluráðgjafar héldu fræðslufund á vorönninni þar sem farið var yfir góð ráð um það hvernig má efla lesskilning.

Kennarar og stjórnendur telja að árangur í íslensku í 7. bekk á síðasta skólaári sé ekki góður

og að leita þurfi allra leiða til að bæta árangurinn Eins og fram kemur fyrir í þessari skýrslu verður unnið að þróunarverkefni á næsta skólaári í 4. – 7. bekk sem miðar að því að bæta námsárangur nemenda og efla námsáhuga þeirra. Vonir eru bundnar við að verkefnið skili góðum árangri.

4.1.4. Viðhorf nemenda

Nemendafundir

Á skólaárinu héldu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fundi með nemendum í 9. og 10. bekk. Fundað var með hverjum bekk fyrir sig.

Að þessu sinni var aðallega rætt um kennsluhætti í Heiðarskóla, kosti og galla. Markmiðið með fundunum var að heyra skoðanir nemenda á kennsluáðferðum. Hvort þeim myndist kennsluáðferðir kennara fjölbreyttar, hvaða áðferðir væru gagnlegastar og/eða skemmtilegar. Fundirnir tókust mjög vel að mati stjórnenda, voru áhugaverðir og skemmtilegir. Umræður voru mjög góðar og nemendur tjáðu sig mikið. Nemendur sýndu mikla jákvæðni í garð skólans og voru ánægðir. Nemendur sögðu aðspurðir að þeim hefðu þótt þessir fundir góðir og skemmtilegir (fylgiskjal 7).

Nemendakönnun í 7. – 10. bekk

Menntavísindasvið HÍ lagði könnun fyrir nemendur í 7. – 10. bekk í rannsóknarverkefninu um starfshætti í grunnskólum 2009-2011 (fylgiskjal 11).

Í könnuninni kemur fram að nemendur í Heiðarskóla eru jákvæðir í garð skólans og að samskipti við skólafélaga, kennara, starfsfólk og stjórnendur eru góð. Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði.

Mat á valgreinum

Í lok haustannar var kannað viðhorf nemenda til valgreina í 9. og 10. bekk.

Könnunin leiddi í ljós að nemendur eru ánægðir með framboð á valgreinum (sjá fylgiskjal Einnig kemur fram að nemendur eru mjög ánægðir með þær greinar sem þeir völdu.

4.2. Starfsmannakannanir

4.2.1. Rannsókn á starfsháttum í grunnskólum

Menntasvið HÍ lagði tvær kannanir fyrir kennara og starfsmenn skólans í rannsóknarverkefninu um starfshætti í grunnskólum 2009-2011.

Farið var yfir niðurstöðurnar á starfsmannafundum og í skólaráði.

Í þessum könnunum var m.a. spurt um tengsl við grenndarsamfélagið, stjórnunarhætti og viðhorf til kennslu og foreldrasamstarfs.

Í könnunum kom margt fram sem áhugavert er að skoða. M.a.a kemur fram að mun fleirum starfsmönnum Heiðarskóla en samanburðarskólunum finnst skólinn sinna mjög vel að efla persónulegan þroska nemenda. Vísað er í fylgiskjal 11.

4.2.2. Starfsmannasamtöl/umræður

Í starfsmannasamtölum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við starfsmenn kom fram að þeim líður vel þeir eru ánægðir með skólann og upplifa hann sem góðan vinnustað.

Árið 2006 var sett inn í stefnu skólans það markmið að *Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu*. Þetta markmið hefur verið ofarlega í huga starfsmanna og það gjarnan rætt. Í starfmannasamtölum kom fram að starfsfólki finnst að metnaður ríki í skólastarfinu og mikill vilji er til að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Á starfsmannafundi í mars var öllu starfsfólki skipt upp í umræðuhópa. Hver hópur gat valið um nokkur umræðuefni. Góðar og gagnlegar umræður voru í hópunum og niðurstöðurnar voru teknar saman í lokinn. Í umræðunum kom m.a. fram mikill áhugi fyrir því að efla gagnrýna hugsun nemenda og þarf því að huga vel að því að markmið þar að lútandi komist inn í bekkjarnámskrár og til framkvæmda á næsta skólaári (fylgiskjal 9).

4.2.3. Mat á verkefninu áhugasamir nemendur árangursríkara skólastarf/starfendarannsókn

Í vor lauk tveggja ára þróunarverkefni bóknámskennara á elsta stigi. Verkefnið bar heitið áhugasamir nemendur- árangursríkara skólastarf og markmið þess var að efla áhuga nemenda á sínu námi og að bæta enn frekar góðan námsárangur.

Í verkefninu var gert ráð fyrir að kennarar ígrunduðu starfshugmyndir sínar og kennsluaðferðir og skoðuðu hvort að þær væru til þess fallnar að efla áhuga nemenda á sínu námi. Verkefnið gekk mjög vel og voru kennarar áhugasamir. Nokkrir kennarar skoðuðu vel einstakar kennslustundir hjá sér, aðrir beindu sjónum sínum að einstökum þáttum kennslunnar. Margir umræðufundir voru haldnir sem reyndust góður vettvangur fyrir faglegar umræður.

Í lok verkefnisins var tekin saman skýrsla og í henni kemur fram mat þátttakenda á verkefninu, mat skólastjórnenda og ráðgjafa verkefnisins. Þar segir m.a: (fylgiskjal 12).

„Kennarar eru sammála um að verkefnið hafi skilað góðum árangri fyrir skólastarfið á mörgum sviðum.

Með verkefninu skapaðist góður vettvangur fyrir faglegar umræður og skoðanaskipti um nám og kennslu. Stuðningur frá samkennurum og traust innan hópsins hefur aukist. Eftir því sem leið á verkefnið reyndist kennurum auðveldara að ræða kennsluaðferðir sínar og deila reynslu sinni og hugmyndum með samkennurum.

Kennarar voru duglegri en áður að prófa nýjar aðferðir og hugmyndir sem komu fram á fundunum. Verkefnið leiddi til þess að kennarar rýndu í eigin rann, skoðuðu starfshætti sína og ræddu hlutina út frá öðru sjónarhorni en áður. Mörgum fannst krefjandi að fara í slíka sjálfskoðun.

Fundirnir voru líflegir og skemmtilegir enda ræddu kennarar um að mikilvægt væri að sjá skoplegu hliðarnar og vera létt og kát í kennslu og vinnu með nemendum.

Það var skoðun þátttakenda að tengsl kennara við nemendur breyttust. Þau urðu jákvæðari og opnari. Einstaklingsviðtölin og dagatal nemenda gáfu tækifæri til að tengjast nemendum á annan og persónulegri hátt.

Kennarar gera sér grein fyrir að eitt einstakt verkefni nær ekki að virkja alla

nemendur og auka áhuga allra í einu. Kennarar upplifðu að ákveðnir nemendur sem áður höfðu sýnt lítinn áhuga blómstruðu í fjölbreyttum vinnubrögðum. Margir nemendur efldust í auknu skapandi starfi og aðrir báru aukna ábyrgð á eigin námi og sýndu sjálfstæðari vinnubrögð.

Mat ráðgjafa er að sérstaklega vel hafi tekist til með þetta verkefni. Í tengslum við það varð til áhugaverður hugmyndabanki um fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga nemenda á náminu og virkja þá. Ekki er nokkur vafi að verkefnið getur nýst kennurum og nemendum í öðrum skólum.

Það er mat stjórnenda skólans að verkefnið hafi gengið mjög vel og skilað góðum árangri. Það var ánægjulegt að sjá hvernig verkefnið þróaðist og þátttakendur efldust faglega eftir því sem leið á vinnuna. Það má segja að heiti verkefnisins hafi í raun frekar átt að vera **áhugasamir nemendur og kennarar – árangursríkara skólastarf**.

Kennarar hafa ákveðið að halda áfram með verkefnið á næsta skólaári og sjá þeir það sem góða leið til að ná markmiðunum að vekja enn frekar áhuga nemenda sem leiðir til árangursríkara skólastarfs“.

4.3. Foreldrakannanir

Viðhorfakönnun foreldra nemenda í 1. bekk (fylgiskjal 6).

Viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra nemenda í 1. bekk 30. september 2010.

Kannað var m.a. viðhorf foreldra til skólabyrjunar og líðan nemenda fyrstu dagana í skólanum.

Fram kom að 98% foreldra fannst að vel eða mjög vel hafi verið staðið að skólabyrjuninni, 96% segja að skólastarfið hafi staðist væntingar að öllu leyti eða að mjög miklu leyti. 100% foreldra segja að viðmótið í skólanum sé mjög gott eða gott.

Morgunkaffi

Skólastjórnendur buðu foreldrum nemenda í 1. bekk í morgunkaffi 1. des. Rætt var um skólastarfið og hvernig fyrstu mánuðirnir á grunnskólagöngu nemenda hefðu gengið. Foreldrar voru jákvæðir og að þeirra mati hafa þessu fyrstu mánuðir gengið mjög vel.

4.4. Framkvæmdarmat á nokkur verkefni á skólaárinu 2010-2011

Í upphafi skólaárs var lögð fram áhersluáætlun og gekk hún vel eftir eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Markmið	Aðgerðir/viðbrögð	Umsjón	Árangur metinn	Framkvæmdar mat
Að efla lestrarfærni nemenda á miðstigi. Markmiðið er að nemendur uppfylli lestrarviðmið skólans.	Markviss áhersla á lestur og lesskilning. Nýtt námsefni Vanda málið notað í 5. og 7. bekk	Skólastjórnendur og sérkennari	Kennarar lestrarprófa reglulega og bera saman niðurstöður. Samræmd könnunarpróf í 7. bekk. Skólastjórnendur, sérkennari og íslensku/umsjónarkennarar fara yfir niðurstöður prófa í september og huga að aðgerðum þar sem þar er þörf. Fundað aftur fyrir áramót og á vorönn	Framkvæmt, sjá sjálfsmatskýrslu 2010-2011
Að efla áhuga nemenda á eldra stigi á námi	Kennarar vinna að verkefnum <i>Áhugasamir nemendur árangursríkara skólastarf</i>	Ingvar Sigurgeirson og stjórnendur	Kennarar hittast reglulega og ræða um framgang verkefnisins, Þrjú fundir áætlaðir með Ingvari. Staðan tekin í október. Könnun lögð fyrir kennara í febrúar	Framkvæmt. Verkefnum lauk með mati og skýrslugerð. Sjá lokaskýrslu Áhugasamir nemendur - árangursríkara skólastarf
Að stuðla að samfelli í námi barna á milli leik- og grunnskóla og bæta námsárangur	Unnið að þróunarverkefnum <i>Læsisbrú.</i>	Bryndis Guðm.	Staðan metin á teymisfundum. Viðhorfakannanir og lestrarpróf	Framkvæmt, sjá sjálfsmatskýrslu 2010-2011
Að festa Uppbyggingarstefnuna í sessi	Teymishópur mótar áherslur og leiðir	Ragnheiður ásamt uppbyggingarteymi	Samráðsfundur kennara og teymis þar sem metinn er árangur. Könnun lögð fyrir starfsfólk og nemendur á vorönn	Nokkrir samráðsfundir haldnir og starfsmenn fóru á námskeið í Boston. Könnun var ekki lögð fyrir.
Að bæta ritfærni nemenda sérstaklega á elsta stigi	Samræmdar verða reglur um frágang á ritverkum og meðferð heimilda	Fagstjóri í íslensku og teymishópur	Staðan metin á deildarfundum, á haustönn og vorönn	Framkvæmt. Reglur um heimildarritun settar á heimasíðu skólans undir námsgreinar.
Að auka ábyrgð nemanda á námi	Umsjónarkennarar í 8. - 10. bekk hafa einstaklingsviðtöl við nemendur tvisvar á ári.	Umsjónarkennarar	Staðan metin á deildarfundum. Skilgrein til stjórnenda í lok ána. Árangur einnig metinn í tengslum við verkefnið <i>Áhugasamir nemendur - árangursríkara skólastarf</i>	Framkvæmt, sjá lokaskýrslu verkefnisins <i>Áhugasamir nemendur - árangursríkara skólastarf</i>
Að efla útikennslu	Unnið verður að verkefnum <i>Lærum og leikum úti í náttúrunni.</i>	Unnar S. ásamt teymi	Samráðsfundur kennara og teymis þar sem metinn er árangur. Könnun lögð fyrir starfsfólk og nemendur á vorönn	Nokkrir teymisfundir haldnir en könnun ekki lögð fyrir.